

Tillögur fyrir aðalfund 2020

Tillaga um arð og ráðstöfun hagnaðar

„Stjórn sjóðsins leggur til að á árinu 2020 verði ekki greiddur út arður vegna afkomu 2019 til hluthafa til að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjár.“

Tillaga um endurskoðanda

„Árið 2015 var PwC ráðið sem endurskoðandi Lánasjóðsins til 5 ára. Stjórn leggur til að gengið verði til samninga við PwC um áframhaldandi þjónustu, um endurskoðun á ársreikningum Lánasjóðsins, til næstu tveggja ára.“

Tillaga um starfskjarastefnu

Stjórn leggur til að starfskjarastefnan standi óbreytt.

Tillaga um laun stjórnar og undirnefndar stjórnar

„Laun til stjórnarmanna verði áfram 20% af efsta þrepi launaflokks 149 í launatöflu skrifstofufólks Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hvern mánuð að viðbættu orlofi, en 30% til formanns stjórnar. Varamenn í stjórn fái 20% af sama launaflokki að viðbættu orlofi fyrir hvern setinn fund. Laun aðalmanna eru því 128.018 kr. á mánuði en formaður fær 192.027 kr. á mánuði“.